

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 9. tbl. 12. árgangur 16. október 2018

Slökkviliðið heimsækir Tröllaborgir.

Slökkviliðið á Akureyri heimsótti á dögnum Tröllahóp. Voru þeir með fræðslu um eldvarnir og sýndu búningana sína. Síðan sýndu þeir fræðslumynd um búalfasystkinin Loga og Glóð sem eru sérlegir aðstoðarmenn slökkviliðsins.

Í vetur mun Tröllahópur aðstoða slökkviliðið og sjá um eldvarnareftirlit í leikskólanum. Börnin fara tvö saman í einu, ásamt kennara, hring um skólann og skoða hvar slökkvitækin og brunaslöngur eru geymd, athuga með reykskynjara, eldvarnarkerfið, ruslasöfnun og fleira.

Í lokin fengu svo allir að skoða slökkvibílinn að utan sem innan.



Fréttir úr Grímseyjarskóla.



Skólastarf Grímseyjarskóla fer vel af stað þetta haustið. Þrír nemendur eru í grunnskóladeild og tveir í leikskóladeild. Það er fámennt en góðmennt og andinn eftir því. September einkenndist af hefðbundnu skólastarfi; vinnustundum, samfélagsfræði, listgreinum og íþróttum. Búið er að opna nýja heimasíðu fyrir Grímseyjarskóla og er verið að vinna í að koma efni og myndum inn á hana, slóðin er:

<https://grimseyjarskoli.is/>

Í október verður Hríseyjarskóli heim-sóttur þar sem haldin verður sameiginleg Sudbury viku. Skólarnir eru saman í þróunarverkefni, hugmyndafræði verkefnisins kemur upprunalega frá Sudbury Valley School í Bandaríkjunum en eftir þeirri hugmyndafræði er unnið í rúmlega 60 skólum víðsvegar um heiminn. Þá skipuleggja nemendur sitt eigið nám frá grunni út frá sínum áhugamálum, taka lýðræðislegar ákvarðanir í félagi við starfsmenn skólanna og vinna á sínum forsendum. Nú er rúmlega mánuður búinn af skólanum og framleiðslan farin á fullt. Listgreina-verkefni í vetur verða af ýmsu tagi og á myndinni má sjá smá sýnishorn.



Dagur íslenskrar tungu – ritunarsamkeppni.

Nú hefur verið hrundið af stað ritunarsamkeppni meðal grunnskólanema á Akureyri sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Það má senda inn ljóð, leikrit, smásögu eða hvað annað sem býr innra með nemendum. Eina skilyrðið er að efnið sé á íslensku.

Ekki er verið að meta færni í íslensku, heldur virkni, sköpunarkraft og þor til að nota íslenskuna til tjáningar og gleði.

Skilafrestur er til 31. október og viðurkenningar verða veittar þann 17. nóvember n.k. í Amtsbókasafninu.

Nánari upplýsingar má finna hér: [íslenska](#) [enska](#)

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Haustrí grunnskólanna.

Fimmtudaginn 18. og föstudaginn 19. október er haustrí í grunnskólum Akureyrar, þá er upplagt að njóta tímans með fjölskyldunni. Á Akureyri er hægt að njóta tímans á fjölbreyttum útivistar-svæðum, heimsækja söfn og sýningar, fara í sund og fleira.

Skemmtilegar hugmyndir fyrir haustríð má sjá á:

<http://www.visitakureyri.is/is/ahugavert/hatidir-og-vidburdir/haustr-i-akureyri>

Náttúrufræðingur Síðuskóla 2018.

Fyrsti söngsalur vetrarins var haldinn í byrjun október sl. þegar 3. og 7. bekkur völdu lög til að syngja á sal. Magni Ásgeirsson kom og lék undir og skapaðist góð stemning. Við þetta tækifæri voru einnig veittar viðurkenningar fyrir sumarlestrarátak Síðuskóla en einnig var náttúrufræðingur Síðuskóla 2018 krýndur. Þess má geta að vinningshafinn var að vinna þessa keppni í fimmta skipti. Einn nemandi af hverju stigi fékk síðan viðurkenningarskjal.

Samstarf grunn- og leikskóla.

Samstarf 1. bekkjar Glerárskóla, Hulduheimar/Kot og Tröllaborgir Laut. Híst var í fyrsta sinn í vikunni og leikið saman á skólalóðinni. Stefnt er að því að hittast einu sinni í mánuði og gera ýmislegt skemmtilegt saman.



Lesfimi íslenskra skólabarna eykst.

Lesfimi íslenskra skólabarna jókst marktækt milli ára, samkvæmt lesfimiþrófi Menntamálastofnunar sem lagt var fyrir nemendur í öllum bekkjum grunnskóla í september sl. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að aðgerðir til að auka lestrarfærni og áhuga barna skili árangri.

Samkvæmt niðurstöðum prófanna sem lögð voru fyrir í síðasta mánuði er breytingin mest hjá nemendum í 8. bekk, sem að meðaltali lásu þremur orðum meira á mínútu en haustið 2017. Nemendur í 2., 3., 5., 6., 7. og 10. bekk lásu einu til tveimur orðum meira að meðaltali en fyrir ári en nemendur í 1., 4. og 9. bekk lásu jafnmörg orð að meðaltali og haustið 2017. Í öllum tilvikum var árangurinn því jafn góður eða betri en í sömu bekkjum í fyrra.

Góð niðurstaða úr lesfimiþrófum er til marks um markvissa vinnu skóla, kennara, foreldra og ekki síst nemendanna sjálfra. Sú jákvæðni og samhugur sem einkennt hefur lestrarkennslu í skólum landsins er mikilvægt skref á þeirri löngu vegferð, að auka lestraráhuga og læsi til lengri tíma. Lesfimiþrófin mæla lestrarnákvæmni og lestrarhraða barna en hvorki lesskilning, orðaforða né ritun. Menntamálastofnun vill áréttta, að við heildarmat á læsi og lestrarfærni barna þarf að horfa til allra framangreindra þátta. Stofnunin vinnur nú að gerð lesskilnings-, orðaforða-, ritunar- og stafsetningarprófa sem kennarar geta nýtt í sínu starfi, kjósi þeir svo.

Góður gestur í Hríseyjarskóla.

Listakonan Amanda Maciel Antunes sem dvelur í listamannasetri Gamla – Skóla kom og heilsaði upp á nemendur í hreyfi-stundar tíma í síðustu viku. Hún fékk þau með sér í skemmtilegt verkefni sem hún kallar „Exquisite Corpse,,“, sem er eins konar framhalds mynd. Hún skipti nemendum í 3 hópa og fékk hver hópur að teikna og lita einn part af veru sem þau fengu að ráða hvernig líti út. Afrakstur verkefnisins voru þrjár furðuverur sem við komum fyrir uppá vegg í holinu í skólanum. Nemendur skemmtu sér vel við þessa vinnu og mun Amanda koma aftur í heimsókn með með nýtt verkefni.

